

LOKASKÝRSLA

STUÐBOLTANS 22



Verkefni öldunganefndar og mótstjórnar

Öldunganefnd var skipuð Magnúsi Hauki Ásgeirssyni, öldungi mótsins, Heiðu Ösp Ingvadóttur og Björgu Erlingsdóttur. Einnig voru kallaðir einstaklingar sem öldunga nefndin fól að stýra hinum ýmsu nefndum og ráðum. Stofnaður var facebook hópur þar sem ýmis umræða fór fram en einnig hittumst við í rauntíma.

Hlutverk öldunganefndar:

- Yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd mótsins.
- Tekur allar stórar ákvarðanir í samráði við undirnefndir
- Sér um fjármál mótsins.

Mótstjórn byrjaði að funda í nóvember – desember 2021 þar sem drög voru lögð að öldungamóti 2022, tekin var ákvörðun um að hinkra með frekara skipulag þangað til í janúar 2022 í þeirri von að öllum takmörkunum yrði aflýst og af mótinu yrði, varð okkur að ósk okkar þar sem öllum takmörkunum vegna Covid var aflýst 25. febrúar 2022. Á fyrstu fundum stjórnar var tekin ákvörðun að hafa mótsgjaldið 50.000 kr. eins og tilgreint var í innsendri umsókn þrátt fyrir að ár væri liðið frá því mótið sem HK sótti um átti að eiga sér stað.

Í mótstjórn voru:

Magnús Haukur Ásgeirsson
Heiða Ösp Ingvadóttir
Björg Erlingsdóttir
Anna Guðrún Stefánsdóttir
Anný Berglind Thorstensen
Tómas Torfason
Halldór Elvarsson
Jóhanna María Kristjánsdóttir
Ingibjörg Hilmarsdóttir
Vilborg Bjarnadóttir
María Guðmundsdóttir

Á fyrstu fundum í janúar skiptum við í nefndir og eftir skoðanakönnun var tekin ákvörðun um að mótið skyldi heita Stuðboltinn.

Heiða Ösp og Björg gegndu hlutverki mótsstjórnar meðan á móti stóð, voru þær með fína aðstöðu í herbergi í Kórnum þar sem keppendur höfðu greiðan aðgang að þeim alla mótisdagana.

Engin kæra barst nefndinni á meðan á mótinu stóð.

Stofnaður var facebook viðburður fyrir mótið og einnig var notast við mail frá blak.is

Björg og Heiða sáu um uppröðun mótsins og nutu við það dyggrar aðstoðar Karls Sigurðssonar. Eftir að búið var að setja mótið upp í excel var hafist handa við að raða inn á blak.is og eins og oft hefur verið bent á að þá er erfitt að vinna að uppsetningu móta á vef blak.is þar uppröðunin er sýnileg með smá krókaleiðum sem fjölmargir virðast skoða mjög reglulega. Það hefur valdið

Óánægju meðal keppenda að verið sé að breyta uppsetningu þrátt fyrir að búið sé að taka fram að endanleg uppsetning sé ekki komin. Vonandi er það eitthvað sem að Blak.is mun taka til umhugsunar og laga í framtíðinni.

Tekin var ákvörðun að vera ekki með mótsgjafir í ár og ekki var gefinn út mótaskrá.

Við vorum mjög glöð að sjá þann mikla fjölda liða sem skilaði sér eftir Covid. Á mótinu spiluðu 91 kvennalið í 9 deildum og 46 karlalið í 6 deildum. Spilaðir voru 411 leikir. Spilað var á 10 völlum í Kórnum og 3 í Fagralundi.

Samantekt dómaranefndar

Móttstjórn fékk þau Árna Jón Eggertsson og Guðnýju Rut Guðnadóttur til þess að vera móttstjórn til halds og trausts á meðan á mótinu stóð og voru líflegar umræður sem mynduðust og allt leyst. Einnig stofnuðum við spjallhóp á messenger með Öldungaráði og móttstjórn þar sem allir aðilar voru ekki á mótstað ef að upp kæmu álitamál og kærur sem öldungaráð þyrfti að fjalla um.

Ekki bárust neinar kærur á þessu móti.

Alls voru 411 leikir spilaðir á mótinu og af þeim dæmdu liðin sjálf 227 leiki og voru greiddar 567.500 kr. í Afreks- og styrktarsjóð BLÍ

Fjáröflunarnefnd

Nefndin var í grunnin skipuð aðilum móttstjórnar en reyndist því miður erfitt að afla fjármagns, náðist þó á endasprenntinum að selja alla þá velli sem voru í Kórnum, tekin var ákvörðun um að selja ekki vellina í Fagralundi þar sem lítið var spilað þar, auk þess var útbúinn logoveggur með styrktaraðilum mótsins.



Vallarnefnd

Í vallarnefnd voru Einar Sigurðsson og Karl Sigurðsson og sáu þeir um að standsetja vellina inn í knattúsi Kórsins. Fengnir voru tveir blakdúkar frá BLÍ sem lagðir voru ofan á krossviðs plötur frá Kópavogsbæ. Nýttum við uppihöld, sem smíðum voru fyrir HKarlinn 2013, fyrir súlurnar og settum þar ofaná 200 lítra olíutunnur sem við fylltum með vatni. Tunnur voru fengnar að láni frá Skeljungi. Sett voru net á milli valla sem Jónas Traustason lánaði og aðstoðaði við að setja upp.



Samantekt sjoppunefndar

Í sjoppunefnd voru 11 aðilar, Anna Guðrún leiddi hópinn ásamt Rakel Ármanns og Katrínu Huld. Aðrir meðlimir voru; Elsa Sæný, Björg Ýr, Kristín Péturs, Rakel Þorsteins, María Bergmann, Hanna María, Adda Birna og Lára Kristín.

Nefndin tók þá ákvörðun að hafa ágætis úrval af mat sem myndi höfða til sem flestra. Eftir að hafa farið yfir samantekt fyrri nefndar var tekin ákvörðun um að bjóða upp á eftirfarandi: Pylsur, heimagerða kjúklingasúpu með nachos og sýrðum rjóma, flatkökur með hangikjöti, pastasalat með kjúkling, HK samlokur (skinka, ostur, egg, grænmeti), grill samlokur með skinku og osti, vefjur, banana, kleinur, heimabakað (skúffukaka, muffins, hafraklattar, döðlugott) djús frá Lemon og nammi (vorum líka með vegan súkkulaði).

Teljum við að vel hafi tekist til við veitingasöluna og var almenn ánægja meðal þátttakenda varðandi aðstöðu og úrval veitinga.

Skemmtikvöldin voru ágætlega vel sótt, þar sem annað kvöldið var boðið upp á trúbador og hitt kvöldið var pup-quiz

Mótsmerki og verðlaunagripir

Halldór Elvarsson á allan heiður af allri þeirri hönnun sem tengdist mótinu. Hannaði hann einnig verðlaunapening mótsins. Sendur var út áminningarpóstur til liðanna um að skila inn farandbikurum og voru innheimtur tímanlegar og góðar.

Verðlaunaafhending var haldin í Kórnum eftir síðustu leiki laugardagsins og sá Vilborg Bjarnadóttir um hana. Fengnir voru krakkar frá yngri flokkum HK til þess að aðstoða við verðlaunaafhendinguna. Hannað var myndvænt spjald/merki fyrir verðlaunaafhendinguna þar sem fram kom nafn og styrktaraðilar mótsins.



Mótslag og myndir

Samið var mótslag sem ber heitið Blak, Blak, Blak og fengum við Stefáníu Svavarsdóttur til að syngja það en textann samdi Arnar Bjarnason. <https://www.youtube.com/watch?v=Z7kmzs8dpYc> Einnig var fenginn ljósmyndari til að taka myndir og birtust þær á facebook síðu mótsins.

Lokahóf Stuðboltans

Lokahófið var haldið á parketinu í Kórnum en tekin var ákvörðun að vera með sitjandi borðhald. Spilað var til kl. 13 í salnum og hófst þá uppsetning á salnum fyrir lokahófið. Við vorum vel mönnuð á lokahófs deginum og náðum að taka niður velli, hengja upp drapperingar, leggja parketflísar, setja upp svið, leggja dansgólf, bar, borð, stóla og borðbúnað fyrir kl 17.00

Atriði sem þurfti að huga að:

- Öll leyfi séu frágengin (ath. lokar snemma á föstudögum hjá Sýslumanni)
- Hljómsveit
- Veislustjóra
- Matur
- Borð, stólar og borðbúnaður
- Vínveitingar
- Öryggisgæsla – passa upp á að ekki sé verið að taka áfengi með inn
- Þjónar
- Barþjónar
- Hljóð og lýsing
- Svið
- Parketflísar
- Lagningu gólfs


LOKASKÝRSLA

- Röðun á borðum og stólum – teikna upp skipulag (líka fyrir brunavarnir)
- Fatahengi
- Fatahengismiðar
- Drapperingar
- Bennisli og teip
- Klaki, skotglös og rör
- Kælar
- Peningakassar
- Sætaskipan
- Miðar og miðasala
- Áfengi, óáfengir drykkir og vatn
- Forpantanir á áfengi
- Frágangur

Miðaverð var: 13.900 kr. Seldir voru 700 miðar

Við vorum með forsölu á miðum á 12.900 (10 dögum fyrir lokahófið)

Salurinn var síðan settur í fyrra horf strax að lokahófi loknu um nóttina. Á sunnudeginum mættu vaskir HK blakarar og tóku upp keppnisvöllinn í knatt húsinu



Lokaorð

Almenn ánægja var meðal þátttakenda Stuðboltans 2022. Þátttakan endaði með 137 liðum sem fór fram úr okkar björtustu vonum þar sem Covid faraldurinn hafði þau áhrif að fyrirhuguð mót 2020 og 2021 féllu niður og margir hópar því ekki stundað skipulagðar æfingar í nokkurn tíma.

Einkunnarorð HK, Gleði – Virðing – Metnaður má alveg heimfæra á alla vinnu, umgjörð og framkvæmd í kringum þetta mót.

Við þökkum öllum sem aðstoðuðu okkur við að koma mótinu í framkvæmd og vinnu við mótið kærlega fyrir ómælt vinnuframlag. Einnig þökkum við þátttakendum fyrir komuna á Stuðboltann 2022.

Vonumst við til að næsta mót sem haldið er sameiginlega af KA og Völsungi gangi vel.

Blakdeild HK

